



Veiðileyfakvöðin

Stefán Karl Segatta # 494

Mynd: Arni Þór Sigurðsson

Enn og aftur þurfum við að hugsa um veiðileyfi. Að setjast niður með félögunum um miðjan vetur til að skipuleggja sumarið er sjálf-skaparviti veiðimanna en illnauðsynleg athöfn. Þessi kvöð nærir sálina á köldum vetrarkvöldum og styttir biðina fram á vor.

Í lögum Ármanna er meðal annars kveðið á um markmið félagsins og hvernig félagið skuli vinna að því að ná þeim markmiðum. Í 3. grein laganna segir:

1. Að taka á leigu eða eignast veiðiréttindi til sanngjarnrar fram-leigu til félaga.

4. Að taka þátt í samstarfi við þá sem vinna að sambærilegum markmiðum.

Nú seint í haust gekk stjórn Ármanna til samstarfs við stjórn Stang-veiðifélags Akraness og lögðu félögin fram sameiginlegt tilboð til þriggja ára í vötnin þrjú í Svinadal ásamt árstubbunum á milli þeirra. Þótti þetta fýsilegur kostur, stutt ferðalag og spennandi veiðisvæði að mörgu leyti. Því miður urðum við undir í þessu útboði og aðrir hnepptu hnossið. Þetta var lærdómsríkt ferli fyrir stjórn félagsins og vonandi fáum við fleiri tækifæri á næstu árum til að vinna með öðrum stangveiðifélögum á svipuðum nótum.

Ármenn kættust í vor þegar Þjóðgarðsvörður úthýsti beitu- og spúnafólki, það var hreint út sagt stórkostleg sjón að sjá tugi flugu-veiðimanna samankomna í Vatnskotinu að reyna sig við risaædlur vatnsins. Kraftaverk hefur verið unnið með vidreisn urriðastofnsins, hver vill ekki kljást við skepnu eins og þá sem félagi okkar # 494 heldur á hér að ofan? Fáheyrdar hugmyndir um náttúrupassa vekja mann til umhugsunar. Óljóst er hvernig stjórnvöld hafa hugsað sér að framfylgja eftirliti. Minnugur þess að eftirlit með veiðimönnum við Þingvallavatn er að miklu leyti í höndum sjálfbodaliða veltir maður fyrir sér hvort sjálfbodaliðar muni standa við alla slóða og krefja veiðimenn um kennitölur, skilríki og náttúrupassa fyrir það eitt að ganga að vatninu. Eftirlitið á svæðinu í dag dugar ekki einu sinni til að sannreyna að Veiðikort viðkomandi sé í raun hans eigið. Kannski sleppa veiðimenn við að kaupa náttúrupassann ef þeir lofa að horfa í gaupnir sér og líta ekki á Arnarfellið eða Sandeyna á meðan þeir veiða.

En á meðan Þingvallaurriðinn dafnar eiga aðrir stofnar undir högg að sækja. Okkar ástkæra Hlíðarvatn hefur verið í lægð mörg undanfarin ár. Á árlegum fundi félaganna við Hlíðarvatn í haust sköpuðust eðlilega umræður um málið. Það er varla hægt að segja að eitt einasta leyfi hafi selst í september í vatnið, mánuður sem var þétt setinn hér áður fyrir þegar bleikjutorfur sáust á hefðbundnum hauststöðum. Yngri félagsmenn hafa aldrei séð þessar þjóðsagna-kenndu torfur en ég get vitnað um þær. Á eflaust minn þátt í gris-jun þeirra fyrir rúmum tuttugu árum eða svo. Sú hugmynd að loka alfarið fyrir veiði í september og endursemjja við veiðiréttarhafa á þeim nótum hefur verið rædd lauslega og verður henni fylgt eftir ef aðstæður breytast ekki. Ekki þarf að fjölyrða um að það hefði í för með sér mikinn fjárhagslegan ávinning fyrir öll félögin. Stjórn Ármanna hefur ákveðið að lækka öll júlí, ágúst og septemberleyfi í Hlíðarvatni til félagsmanna í tvö þúsund krónur stöngina í þeirri von að félagsmenn stundi Hlíðarvatn betur og sækji um fleiri daga.


Að venju gildir félagsskírteini Ármanna í Framvötnin. Guð-mundur Atli Ásgeirsson kynnti nýlega fyrir okkur dásemdir Foss-ár í Þjórsárdal og bjóðum við upp á leyfi þar bæði í urriðaveiði fyrripart sumars og laxveiði að hausti. Húseyjarkvíslin er á sínum stað í byrjun júní og spennandi laxveiðiholl í Laugardalsá í Ísa-fjardardjúpi. Sjöbirtingsdagar í Grímsá að vori og hausti eru í boði eins og undanfarin ár og nú gefst Ármönnum tækifæri á sækja um opnunardagana 1. – 5. apríl. Ný og spennandi svæði fyrir norðan í Fremri Laxá á Ásum og Hómakvísl, ósasvæði Laxár á Ásum og Vatnsdalsár, kveikja vonandi í félagsmönnum. Af gefnu tilefni eru félagsmenn hvattir til að kynna sér vel úthlutunarreglur félagsins sem sjá má á næstu blaðsíðu.

Stjórn Ármanna óskar félagsmönnum gleðilegra jóla, árs og friðar og þakkar góðar samverustundir á árinu sem er að líða.

Arni Þór Sigurðsson # 382

Börnin fara að hlakka til....

Þegar ég er spurður að því hvað mig langi í jólagjöf þá hugsa ég alltaf fyrst um veiðidót. Svo fer ég að hugsa hvaða veiðidót mig vanti og þá er ég ekki alveg viss, sennilega vantar mig ekkert, á líklega alltof mikið. Nei, það getur aldrei orðið raunin. Maður getur endalaust á sig blómum bætt. Þetta held ég að sé sammerkt með ansi mörgum veiðimönnum og konum. Þetta er nefnilega græjusport sem þýðir að iðkendur eru alltaf að litast um eftir nýjungum eða einhverju sem er alveg nauðsynlegt að eiga svo hægt sé að stunda þetta áhugamál af alvöru. Það að vera með rétta búnaðinn er nokkuð stór þáttur hjá flestum veiðimönnum og alltaf hægt að bæta einhverju í flotann. Veiðijólapakkar eru skemmtilegastir jafnvel þótt þeir séu mjúkir. Áróður hafði samband við þá sem fylla þessa pakka sem gleðja marga veiðimenn um hver jól og spurði þá með hverju þeir mæltu.



Veiðiflugur vildu setja mjög svo myndarlega hnýtingartösku frá Fishpond (41.400 kr.) í pakkann. Í hana kemst bókstaflega allt sem hnýtarinn þarf að hafa með sér í veiðitúrinn. Vasar og hól af öllum stærðum og gerðum. Einnig fannst þeim sniðugt að gefa mynddisk (4.900 kr.) með dananum Nils að kenna laxveiði. Ábyggilega fræðandi og skemmtileg mynd þar á ferðinni.

Munið að síðasti skiladagur er 16. janúar 2015



Veiðiportið mælti með hnýtingasetti (14.950 kr.) sem er handvalið af þeim og er sérhannað til að hnýta vinsælar íslenskar flugur. Hnýtingatæki og tól ásamt efni. Ekki vitlaus hugmynd fyrir þann sem ætlar að byrja hnýta sínar eigin flugur.



Jón hjá Joakim's er Ármönnum að góðu kunnur og hefur séð mörgum Ármanninum fyrir stöngum sem hafa reynt alveg ótrúlega vel þrátt fyrir lágt verð. Við heimsóttum hann í Skútuvog 10F þar sem hann er með lagersölu. Hann nefndi hjólatösku (7.500 kr.) með 12 stillanlegum hólfulum, fullt af vösum og nægu plássi til að geyma hjól, box, tauma og allt hitt. Einnig nefndi hann fluguhjól fyrir línu 5-7 (17.000 kr.) Falleg hjól sem eru mjög létt í hendi. Alveg þess virði að kíkja til Jóns.



Í Veiðivon bentu menn líka á veiðihjól (19.900 kr.) frá Lamson og heitir Liquid, einnig mjög létt hjól og fallegt.

Þeim fannst tilvalið að benda á línu (10.900) til að setja á hjólið frá Scientific Anglers, línan heitir VPT og er mjög góð við viðkvæmar aðstæður, til að mynda við þurrfluguveiði.



María í Veiðihorninu mælti með nýjustu tækni og vísindum í pakkann. Annars vegar var það útivistarmyndavélin Water Wolf (26.995 kr.), vélin er sérhönnuð fyrir veiðimenn og er algjörlega vatnsheld og ku vera góð til að taka myndir undir vatnsyfirborðinu. Sniðugt tæki þarna á ferðinni.

Einnig nefndi hún til sögunnar Dry Case (5.995 kr.) snjallsímahulstur sem er algjörlega vatnshelt. Gæti komið sér vel ef menn ætla að vaða djúpt eða bara veiða á suðurlandi (ef sumarið 2014 endurtekur sig).

Árvík benti á Marabou veiðivesti (24.900 kr.) frá Fishpond og er ákaflega létt og þægilegt með öllu því sem gott vesti þarf að þrýða. 13 vasar, flísfóðraðir vasar til að ylja sér, stór vasi að aftan, stangarhaldari er einnig á vestinu af sniðugri hönnun. Árvík er einnig með veiðihjól (24.990 kr.) frá Wychwood. Hjólið heitir Truefly og fer vel með línur sökum stærðar kjarnans (large arbor) en hann er mjög stór. Þetta minnkar einnig líkur á minni í línunni. Það kemur í tösku með tveimur auka spólum. Fáanlegt í þremur stærðum frá línu 5 upp í 11.

STEFÁN BJARNI HJALTESTED



FLUGUKASTKENNSLA - FLUGUHNÝTINGAR

Sími: 553-1329 GSM: 862-1329 Netfang: sbhj@simnet.is

Stefán B. Hjaltested þekkjum við Ármenn vel, hann er að sjálfsögðu með sína vinsælu flugukastkennslu (11.000 kr.). Gríðarleg reynsla liggur þar að baki og er gerður góður rómur af þessum námskeiðum. Hann tekur hámark 3 nema í einu, tvö skipti, tveir og hálfur tími í senn. Einnig útvegar hann stangir sé þess óskað. Hann fræðir þátttakendur um notkun lína, tauma, hnúta og öllu því helsta sem við notum. Hægt er að nálgast Stebba í síma 8621329 eða sbhj@simnet.is. Hann býður einnig upp á þjálfun í fluguköstum í ca. 2 klst. og þá með hámark 4 í hóp og kostar 5.000 kr. á mann. Gjafabréf hjá Stebba er góður kostur.

Þarna er nú komið eitthvað af hugmyndum í pakkann eða bara til að fjárfesta í sjálf ef að það fer nú svo að maður fær bara sokka, ilmvatn, gjafakort í leikhús eða eitthvað annað sem maður hefur engan áhuga á. En tali hver fyrir sig, eitt er víst að veiðidótapakki gleður veiðimanninn og konuna oftast og hittir nær oftast í mark. Nú er bara spurningin þessi „skildu það verða veiðijól“?



Afgreiðsla veiðileyfa

reglur um forgang umsókna

Í þessu blaði er fram borið það úrval veiðileyfa sem Ármenn bjóða sumarið 2015. Að sjálfsögðu verður reynt að uppfylla allra óskir en óhjákvæmilega kemur fyrir að fleiri en einn félagsmaður vilji fá sama daginn. Þetta á einkum við fyrri hluta sumars í Hlíðarvatni, maí og júní og fram í miðjan júlí, þegar allt að sex umsóknir berast um sömu helgina.

Til að auðvelda úthlutunarstörf og vinna þau á sanngjarnan hátt var kerfið með ABCD-bókstafsmerkingu umsókna innleitt. Samkvæmt því fær félagsmaður sem sækir um tiltekinn veiðidag í A-reit á umsóknarblaði sínu meiri rétt til úthlutunar en sá sem sækir um sama dag í B-reit o.s.frv.

Sterkast er að senda inn hópumsókn. Þá sækja tveir eða fleiri um sama daginn, merkja við að um hópumsókn sé að ræða og vísa hver í annan. En hópumsóknir hafa mismunandi forgang og því þarf að setja nánari reglur þegar úthlutað er þeim dögum sem mest er sóst eftir.

Forgangur umsókna er metinn með því að gefa hverri umsókn stig. Þegar þrjár stangir eru seldar saman, líkt og í Hlíðarvatni, eru aðeins taldar þrjár umsóknir. Umsóknin verður ekki sterkari við að senda inn fleiri umsóknir en sem nemur þeim fjölda stanga sem sótt er um. Hins vegar getur einn umsækjandi sótt um fleiri en eina stöng.

Almennar reglur um forgang

- A-umsókn: 5 stig
- B-umsókn: 3 stig
- C-umsókn: 2 stig
- D H - umsókn: 1 stig
- Hópumsókn: 1 stig til viðbótar

Samkvæmt þessari reglu verður umsóknum raðað í forgangsörð í fyrsta lagi eftir stigum og í öðru lagi þannig að á jöfnum stigum nýtur umsókn með bókstaf framari í stafrófi forgangs:

- 16 stig AAA
- 14 stig AAB
- 13 stig AAC,
- 12 stig AAD, ABB
- 11 stig AA, ABC
- 10 stig ABD, ACC; BBB;
- 9 stig ACD, AB; BBC;
- 8 stig ADD, AC; BBD, BCC;
- 7 stig AD; BB, BCD; CCC;
- 6 stig BDD, BC; CCD
- 5 stig A; BD; CDD; CC
- 4 stig CD; DDD;
- 3 stig B; DD;

Vinsamlegast kynnið ykkur úthlutunarreglurnar vel og vandið umsóknir ykkar sem best. Tilgreinið daga til vara ef unnt er. Það auðveldar starf úthlutunarnefndar að koma til móts við óskir allra á sanngjarnan hátt. Stjórnin verður í Árósum á auglýstum skiladögum og leiðbeinir um útfyllingu umsókna.

Veiðisvæði Ármanna 2015

Skilalok veiðileifaumsókna er föstudagurinn 16.janúar 2015.

Athygli félaga er vakin á því að ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu veiðileyfis fyrir 1. mars skoðast það veiðileyfi sem laust til endursölu.

Þau holl sem ekki seljast í úthlutun munu verða sett í sölu á leyfi. is eða þá að leigutakar leysa þau til sín. Í úthlutun eru allar stangir í holti yfirleitt seldar saman en á leyfi.is er meira um að seldar séu stakar stangir.

Yfirleitt er einungis leyfilegt að veiða á flugu, en þar sem leigutaki heimilar annað agn stendur: „Hér veiða Ármenn á flugu“.

Þar sem sums staðar er vísað í Áróð undanfarinna ára, er af gefnu tilefni bent á, að hann er aðgengilegur á heimasíðu Ármanna www.armenn.is frá árinu 2001.

Yfirlit um svæði

1. Hlíðarvatn í Selvogi - bleikja
2. Vötnin sunnan Tungnaár - bleikja og urriði
3. Grímsá - sjóbirtingur
4. Laugardalsá - lax
5. Fossá - silungur
6. Fossá - lax
7. Húseyjarkvísl í Skagafirði - silungur
8. Fremri Laxá á Ásum - urriði og lax
9. Ósasvæði Laxár á Ásum - silungur og lax

1. Hlíðarvatn í Selvogi

Staðsetning: Í Selvogi, milli Krýsuvíkur og Þorlákshafnar.

Vegalengd frá Elliðaárbrú er rúmlega 60 km um Þrengslis en 55 km um Krýsuvík.

Veiðisvæði: Allt vatnið, en hölmarnir við Stakkavík, vestanvert í vatninu eru friðaðir á varptíma fugla. Marshefti Áróðs 2009 var sérstaklega helgað vatninu og á heimasíðu Árvíkur (www.arvik.is) undir Veiðistaðalýsingar, má finna mikinn fróðleik.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og eru þær seldar saman, einn dag í senn.

Veiðitímabil: 2. maí – 30. september.

ATH. að sunnudagur 23. ágúst er frátekinn fyrir Hlíðarvatnsdaginn

Hlíðarvatnsdaginn

Veiðitími: Veiðimenn mega hefja veiðar kl. 18:00 kvöldið fyrir skráðan veiðidag og ljúka þeim sólarhring síðar. Að öðru leyti er veiðitími frjáls. Verutími í Hlíðarseli er sá sami.

Veiðimenn kvitti fyrir veru sína við vatnið í dagbók.

Leyfilegt agn: Flugla. Nefna má Peacock, Krók, Alexöndru, Alder, Butcher, Kardínála og Flæðarlús.

Veiðihús: Hlíðarsel stendur undir hlíðinni vestanverðri, upp af Botnavík. Þar er snyrting, tvö herbergi með tveimur kojum hvort, svefnloft, eldhúsbekkur með gashellu, borðbúnaði og áhöldum, forstofa og úti-gasgrill. Taka þarf með sér rúmfatnað/svefnpoka, borðtuskur og viskastykki. Lyklar að húsi eru geymdir í smá kassa með talnalás á húsinu.



SÖLUSTADIR:
Krafla
Veiðflugur og
Veiðiportið í Reykjavík,
Flugukofinn í Keflavík
og Veiðvörur.is á Akureyri

Reglur: Húsinu skal skila hreinu til næstu veiðimanna eigi síðar en kl. 18:00 og taka með sér allt rusl. Athugið að lausaganga hunda við vatnið er stranglega bönnuð og séu hundar hafðir í húsinu mega þeir einungis dvelja í forstofurými. Bannað er að vera með báta á vatninu, en bumbubátar eru leyfðir með því skilyrði að ekki sé veitt á þeim innan við 50 metra frá veiðimönnum sem veiða frá landi. Bumbubátar eru bannaðir í Botnavík.

Veiðikort: Liggur frammi í veiðihúsi og á <http://www.armenn.is/skjol/Almenn/hlidarvatn.jpg>.

Veiðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá allan afla. Menn eru vinsamlegast beðnir að skrá þar nöfn sín, en ekki einungis félagssnúmer.

Veiðiumsjón: Hlíðarvatnsnefnd, símanúmer hanga á vegg í veiðihúsinu.

HLÍÐARVATN 2015

Tími	Dagar	Stangir	Verð/stöng/dag
maí, júní	virkir	3	5000
maí, júní	helgir	3	6000
júlí, ágúst, september	Virkir	3	2000
júlí, ágúst, september	helgir	3	2000

2. Vötnin sunnan Tungnaár

Staðsetning: Vatnaklasi á Landmannafrétti í um það bil 170 km fjarlægð frá Reykjavík, norðan og austan við Heklu. Veiðisvæðið: Fjölbreytileg vötn sem gefa bæði bleikju og urriða. Þekktust vatnanna eru trúlega Frostastaðavatn og Löðmundarvatn.

Um vötnin og aflabrögð í þeim má lesa í viðtali við Örn Daniéls-son, sem birt er í desemberhefti Áróðs 2008 og grein eftir Olgeir Benediktsson í Nefsholti í maíhefti Áróðs 2009.

Veiðitímabil: Veitt er frá því fært er í vötnin um miðjan júní og fram í september, eða meðan ferðaþjónustan er opin í Landmannahelli. Utan þess tíma er hægt að fá gistingu eftir því sem færð og veður leyfir.

Stangafjöldi: Ótakmarkaður.

Leyfilegt agn: Hér veiða Ármenn á flugu.

Veiðihús: Í Landmannahelli eru skálar í nokkrum stærðum þar sem góð aðstaða er til gistingar í svefnpoka. Húsin eru með upphitun, rennandi vatni, eldunaraðstöðu, vatnssalerni og útigri. Einnig er við Landmannahelli svæði fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla.

Á vefsíðunni info@landmannahellir.is eru allar upplýsingar um aðstöðuna. Pantanir og fyrirsurnir í síma 893-8407.

Reglur: Félagsskírteini Ármanna fyrir árið 2015 gildir sem veiðileyfi í öll vötnin. Ármenn skulu framvísa félagsskírteini í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skila skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu.

Umsjón: Skálaverðir í Landmannahelli. Upplýsingar um veiðisvæðið og aflatölur má sjá á slóðinni <http://www.veidivotn.is/>.

3. Grímsá, sjóbirtingsveiði

Staðsetning: Grímsá í Borgarfirði er landsþekkt laxveiðiá og rennur um Lundarreykjardal í Borgarfirði. Í ána gengur nokkur fjöldi sjóbirtinga og síðustu ár hefur verið ákveðið að nýta þau tækifæri sem bjóðast til haust- og vorveiða. Hér er um skemmtilegan kost að ræða í hæfilegri fjarlægð (70km) frá höfuðborginni.

Veiðisvæðið: Frá og með Hörgshyl (við brúna á Þjóðvegi 50) niður að og með Árbakkaklöpp.

Athugið að veiði er ekki leyfð á gridarstað laxa á eftirfarandi veiðistöðum: Móbergshyl, Svartastokki, Húsbreiðu, Stórlaxaflöt og Lambaklettsfljóti.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir sem seldar eru stakar, einn dag í senn.

Veiðitímabil: Maí og frá 25. september fram í okt.

Veiðitími: Veitt er frá kl. 8:00 til 20:00.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekkert veiðihús fylgir svæðinu en veiðimenn geta notfært

sér aðstöðu í kjallara veiðihótelsins. Unnt er að semja um gistingu á góðu verði í veiðihúsi við Tunguá, innar í Lundarreykjardal.

Reglur: Öllum laxi skal sleppt en heimilt er að taka sjóbirting. Mælst er til að öllum fiski í vorveiði sé sleppt.

Veiðikort: Kort af Grímsá má nálgast á slóðinni <http://www.hreggnasi.is/images/stories/grimsaA3.pdf>

Veiðibók: Liggur frammi í kjallara veiðihótelsins, mikilvægt er að skrá allan afla.

Veiðiums: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is

GRÍMSÁ SJÓBIRTINGUR 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. - 5. apríl	1	2	6900
5. - 10. maí	1	2	4900
1. - 4. október	1	2	15900

4. Laugardalsá, laxveiði.

Staðsetning: Laugardalsá er albesta laxveiðiá Vestfjarða. Vegarlengd frá Reykjavík er um 360 km. 9 ára meðaltal hennar er 380 laxar, veiðin 2013 var 404 laxar og töluverð urriðaveiði er á svæðinu líka. Veiðisvæðið: Frá fjöru til fjalla og öll vötnin á milli.

Stangafjöldi: Veitt er á 2-3 dagstangir, tvær stangir fyrri og seinni hluta sumars en þrjár stangir um miðblik

Veiðitímabil: 15. júní til 15. september.

Veiðitími: 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti)

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Rúmgott veiðihús fylgir veiðileyfunum, pláss er fyrir 7 manns, í húsinu eru 3 herbergi og í einu þeirra eru 3 rúm. Húsið var byggt 1971 og hefur vel staðist tímanstönn, skipt hefur verið um eldhús en frekari endurbætur er að vænta í framtíðinni á húsinu.

Reglur: Öllum laxi yfir 70 cm skal sleppt í ána aftur, kvóti 1 lax á stöng á dag.

Veiðikort: Nýtt veiðkort er í vinnslu

Veiðibók: Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi

Veiðiumsjón: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

LAUGARDALSÁ 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
16. - 18. júní	2	2	30000
22. - 24. júní	2	2	30000
24. - 26. júní	2	2	30000
26. - 28. júní	2	2	33000
28. - 30. júní	2	2	33000
10. - 12. september	2	2	39000
12. - 14. september	2	2	39000
14. - 15. september (15. e)	1 1/2	2	39000

5. Fossá, silungasvæði.

Staðsetning: Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akstur frá Reykjavík.

Veiðisvæðið: Öll áin að Háafossi auk Rauðár, staðbundinn urriði og bleikja fyrir ofan Hjalparfoss.

Stangafjöldi: Veitt er á 2 stangir, einn dag í senn.

Veiðitímabil: 1. maí – 10. júlí.

Veiðitími: 12 klukkustundir á dag.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekkert

Reglur: Öllum fiski skal sleppt.

Veiðibók: Senda skal aflatölur á armenn@armenn.is

Veiðiumsjón: Guðmundur Atli Ásgeirsson s.844-6900

FOSSÁ silungasvæði 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. júní - 10. júní	1	2	8500

6. Fossá, laxasvæði

Staðsetning: Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akst-

ur frá Reykjavík.

Veðisvæðið: Áin neðan Hjalparfoss niður að ármótum við Þjórsá.
Stangafjöldi: Veitt er á 2 stangir, einn dag í senn.

Veðitímabil: September.

Veðitími: 12 klukkustundir á dag.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veðihús: Ekkert

Reglur: Öllum fiski skal sleppt.

Veðibók: Senda skal aflatölur á armenn@armenn.is

Veðiumsjón: Guðmundur Atli Ásgeirsson s.844-6900

FOSSÁ laxasvæði 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
September	1	2	33000

7. Húseyjarkvísl í Skagafirði –Silungasvæði

Staðsetning: Húseyjarkvísl heitir svo í framhaldi af Svartá og öðrum ám af hálendinu vestan Skagafjarðar. Hún rennur undir þjóðveg 1 rétt fyrir neðan Varmahlíð og fellur í vestari kvísl Héraðsvatna 19 km frá sjó.

Veðisvæði: Lítil kvísl úr Héraðsvötnum blandast við Húseyjarkvísl fyrir neðan Geldingaholt (staður nr. 15) og er hún lituð þar fyrir neðan mestan hluta sumars. Aðgengi að ánni er gott og hægt er að keyra niður að flestum veiðistöðum.

Áin er fiskgeng að Reykjafossi en veiðisvæðið er 12 km langt. Silungasvæðið er frá Silungabakka (Silungabakki ekki með) og niður að ármótum Héraðsvatna og Húseyjarkvíslar. Árlega veiðast um 300-500 silungar.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og þær seldar saman.

Veðitímabil: 1. apríl – 20. október.

Veðitími: 12 klst. á sólarhring og ráða veiðimenn hvernig þeir hagræða þeim tíma.

Mæta má í veiðihúsið kl. 15:00 á skiptidegi og það yfirgefið eigi síðar en kl. 14:00 síðasta veiðidag.

Leyfilegt agn: Aðeins fluga. Vel gefast Nobblerar, Zonkerar, lappaflugur og alls kyns púpur, s.s. Pheasant tail, blóðormur og Mobuto



og svo þurrflugur.

Veðihús: Ef komið er að sunnan er beygt niður hjá Varmahlíð eins og verið sé að fara til Akureyrar og svo beygt strax aftur til hægri hjá Vélavali (blátt hús á hægri hönd). Þeim vegi er fylgt þar til beygja verður upp brekkuna til hægri eða niður til vinstri. Taka skal vinstri beygjuna og þá er maður kominn að húsinu, og áin blasir við fyrir neðan. Skilti er við húsið. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og svefnloft, sjónvarp, uppþvottavél og öll helstu þægindi. Heitur pottur og gasgrill eru á palli. Taka þarf með sér sængurföt og handklæði. Þrifa skal húsið eftir notkun.

Reglur: Sleppa skal öllum urriða undir 45 cm en hirða má alla bleikju.

Veðikort: Er í húsinu, en einnig má nálgast það á heimasíðu Ármanna.

Veðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt að skrá þar allan afla.

Veðiumsjón: Valgarður Ragnarsson, sími 770 6040 og Ragnar Gunnlaugsson, sími 894 0145.

Húseyjarkvísl 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
30. maí - 2. júní	3	3	7000
2. - 5. júní	3	3	7000

8. Fremri Laxá á Ásum - urriði og lax

Staðsetning: um 240 km frá Reykjavík, örstutt frá Blönduósi.

Veðisvæðið: Afmarkast af Ós Laxárvatns up að Ós Fremri Laxár og Svinavatns.

Stangafjöldi: 3

Veðitímabil: Júní – september.

Veðitími: 7-13 og 15-21.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veðihús: Takið afleggjara að Húnávöllum, haldið áfram um 2 kílómetra þangað til komið er að brú yfir Fremri Laxá. Veiðihúsið er strax á vinstri hönd þegar yfir brúna er komið. Einnig má keyra að Blönduósi og áður en farið er yfir Blöndu er keyrt upp til hægri á hringtorginu og haldið áfram um 5 kílómetra leið að brú yfir Fremri Laxá. Seinasti bærinn áður en komið er að brúnni heitir Tindar, þar fæst lykill og tuskur afhentar. Ath. vegur með Fremri Laxá er 4x4 vegur en best er þó að labba með ánni þar sem urriðar eru hreinlega nánast allstaðar.

Reglur: Sleppa skal öllum laxi, hirða má urriða að vild.

Veðibók: Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi.

Veðiumsjón: Ekki komið á hreint.

Fremri Laxá á Ásum 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
25. - 26. maí	1	2	19800
3. - 5. september	2	3	23500
11. - 13. septemb	2	3	23500
13. - 15. septemb	2	3	23500

Húsgjald pr. holl er 5000.-

9. Hólmakvísl - Ósasvæði Laxár á Ásum - silungur og lax

Staðsetning: um 240 km frá Reykjavík, örstutt frá Blönduósi.

Veðisvæðið: Er svokölluð Hólmakvísl þar sem Laxá á Ásum og Vatnsdalsá renna saman og mynda Hólmakvísl, þar má veiða alveg út í sjó. Veiðisvæðið er bakki Laxár á Ásum. Best er að keyra yfir brúna yfir Laxá á Ásum og aka svo í gegnum hlíð á vinstri hönd og fylgja þeim vegi nánast alveg niður að sjó. Það sést þegar vegurinn skiptir sér og á að taka hægri afleggjara að Hólmakvísl.

Þetta er 4x4 vegur. Hafa ber í huga að þetta eru fallskiptaveiðar og besta veiðin er þegar það er að falla frá eða um 2 klst eftir háflóð og alveg að fjöru. Leggjum við til að veiðimenn veiði í takt við flóð en ekki klukku. Þó ber að skila veiðihúsið kl 14:00 þann dag sem

veiðum er hætt.

Stangafjöldi: 2

Veiðitímabil: Maí-september.

Veiðitími: 12 tímar á dag, best í kringum flóð.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Áður en farið er yfir brúnna yfir Laxá á Ásum er veiðihúsið Lax-ás á hægri hönd við veginn.

Reglur: Lax ber að sleppa, menn eru beðnir um að ganga með hófsemi til veiða á sjóbleikju.

Veiðibók: Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi.

Veiðiumsjon: Ekki komið á hreint.

Hólmakvísl - Ósasvæði Laxár á Ásum - silungur og lax 2015

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
26. - 28. maí	2	2	24900
16. - 18. júní	2	2	24900

Húsgjald pr. holl er 5000.-

Aðventukaffi og bókakynning



Hið árlega aðventukaffi var haldið í Árósum miðvikudaginn 10. Desember. Boðið var uppá heitt súkkulaði, kökur og kruðerí allskyns. Þeir Einar Falur, Þorsteinn J, Sigurður Árni og Pétur Pétursson komu og kynntu bók sína um Vatnsdalsá. Glæsilegt verk þarna á ferðinni sem enginn unnandi Vatnsdalsár eða bara veiði yfir höfuð má láta fram hjá sér fara. Vel var látið af kynningu þeirra félaga og skapaðist nokkur umræða til að mynda um veiða og sleppa, en Pétur sem er leigutaki árinna hefur haldið í þá aðferð um nokkurt skeið og áin verið sjálfbær lengi. Þ.e.a.s. engar seiðasleppingar átt sér stað. Áhugavert í alla staði. Þeir félagar enduðu svo á því að árita og selja bækur til félaga á kostnaðar verði og skildu svo eitt eintak eftir fyrir bókasafn Ármanna. Kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Veidivon



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesi 4
603 Akureyri

Vetrardagskrá í Árósum 2015

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22
Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Auglýstir viðburðir

- 12. jan. mánudagskvöld - Straumflugupema í Skegg og skott
- 16. jan. föstudagskvöld - Skilalok veiðileyfaumsókna
- 24. jan. laugardagskvöld - Þorrablót Ármanna
- 26. og 28. jan. Afgreiðsla veiðileyfa
- 9. feb. mánudagskvöld - Þurrflugupema í Skegg og skott
- 25. feb. miðvikudagskvöld - Myndasýning og stórfiskasögur
- 9. mar. mánudagskvöld - Laxaflugur í Skegg og skott
- 11. mar. miðvikudagskvöld - Aðalfundur Ármanna
- 18. mar. miðvikudagskvöld - Þingvallakynning
- 15. apr. miðvikudagskvöld - Flóamarkaður Ármanna
- 18. apr. laugardagur - Vorblót Ármanna
- 25.-26. apr. Hlíðarvatnshreinsun

Ýmislegt fleira er í deiglunni í vetur.
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í
Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Þorrablót 2015



Þann 24. janúar munu Ármenn koma saman í Dugguvoginum og blóta þorrann all rækilega. Af því tilefni viljum við minna fólk á að taka kvöldið frá. Undanfarin ár hefur verið húsfyllir þannig það borgar sig að skrá sig í tæka tíð, svo enginn verði súr og kostnaði er ávallt stillt í hóf. Skráning fer fram í Árósum og á armenn@armenn.is Hittumst, gleðjumst og eigum góða stund saman. Stjórnin.